

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Eyrarlandsholts.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. október 2010 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Eyrarlandsholt. Breytingin felur í sér að lóð Miðteigs 11 stækkar úr 991,5 m<sup>2</sup> í 1.050,4 m<sup>2</sup> og lóð Miðteigs 13 stækkar úr 1.196,2 m<sup>2</sup> í 1.738 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. nóvember 2010,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2010